

## 7. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða laga nr. 76/2001 um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 340/1996.

*Menntamálaráðuneytinu, 31. mars 2003.*

**Tómas Ingi Olrich.**

*Guðmundur Árnason.*

4. apríl 2003

Nr. 247

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994 - 2014, íbúðarbyggð að Hólshúsum, Eyjafjarðarsveit.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. apríl 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994 - 2014 frá 26. mars 1997.

Breytingin felst í því að 28,9 ha landbúnaðarsvæði í landi Hólshúsa, Eyjafjarðarsveit verður íbúðarsvæði.

Breyting þessu hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 4. apríl 2003.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

7. apríl 2003

Nr. 248

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur samþykkt deiliskipulag fyrir íbúðarbyggð í landi Hólshúsa. Á skipulagsreitnum, sem er 28,9 ha, er gert ráð fyrir 10 stórum lóðum fyrir íbúðarhús þar sem einnig er heimilt að byggja hús fyrir léttan iðnað eða takmarkað skepnuhald. Deiliskipulag þetta, sem er auglýst með vísan til 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997 með síðari breytingum, tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*Eyjafjarðarsveit, 7. apríl 2003.*

**Bjarni Kristjánsson** sveitarstjóri.